

Akureyri 18/2/ 2010

Boðað er til Andrésar Andar leikanna 2010 á Akureyri dagana 21-24 apríl í alpagreinum og göngu. Leikarnir í ár eru 35 ára afmælisleikar og því verður meira lagt í leikana í ár en að jafnaði. Keppt verður í aldursflokkum barna 7 ára – 14 ára þ.e. árgangar 1995-2003. Keppni verður með sama sniði og á síðasta ári og skal það áréttað að keppni í flokki 13 og 14 ára er ekki hluti af bikarkeppni SKÍ. Við munum aftur bjóða uppá flokk fyrir fatlaða einstaklinga með sama sniði og var á síðasta ári, svokallaður stjörnuflokkur þar sem við munum miða brekku og brautarlögn við þá aðila sem munu skrá sig. Gott væri að fá upplýsingar um fötlun og getu þeirra sem skráðir verða til leiks á netfangið sem gefið eru upp hér að neðan.

Skráning keppenda mun fara fram í gegnum heimasíðu SKA og mun fara fram í frá vikuna 20/3-30/3 Við munum hefja vinnu við útdrátt og uppsetningu leikskrár strax í kjölfarið og ekki verður hægt að breyta skráningum eftir þann tíma. Vinsamlegast sendið upplýsingar um þann aðila sem sér um skráningar hvers þáttökufélags á á netfangið flatasel1@simnet.is og munu þeir aðilar fá próförk að leikskrá til yfirferðar áður en hún verður staðfest í prentun.

Keppnisgjald er 4.000 kr og þáttökugjald er 600 kr eða samtals 4.600 kr pr keppenda. Gjöld leggist inn á reikning 565-26-1766 kt. 650392-2809 og eru 4600 kr pr keppanda og skulu greiðslur hafa borist fyrir 1. apríl. Vinsamlegast sendið kvittun á netfangið arna@keahotels.is Nánari dagskrá verður send út þegar nær dregur.

Fylgist með á heimasíðu SKA þar sem upplýsingar verða settar inn reglulega fram að leikunum.

Með skíðakveðju

Undirbúningsnefnd Andrésar Andarleikanna